



Skólanefnd Miðbæjarskólans, fundargerð, 13. janúar 1942

Bjarni Benediktsson – Guðrún Pétursdóttir – Skipan – Skólanefd – Miðbæjarskólinn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-1, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S K Ó L A N E F N D
Miðbæjarskólans.

Ár 1942, þriðjudaginn 13. jan., kl. 4 síðd., var fundur skólanefndar Miðbæjarskólans í skrifstofu skólastjóra.

Steingr. Guðmundsson boðaði forföll.

Betta gerðist:

1. Karlakór Reykjavíkur tilkynnir, að hann muni ekki nota framvegis husnaði það, sem kórinn fékk í skólanum í haust.
2. Karlakór Iðnaðarmanna sækir um að fá afnot af söngstofu skolans eitt kvöld í viku. Samþykkt að leyfa þetta með sömu skilyrðum og áður. Bæjarræð hefir fyrir sitt leyti einnig samþykkt þetta.
3. Söngfélagi I.O.G.T. leyfð á sama hátt afnot af söngstofu skolans tvö kvöld í viku.
4. Fræðslumálastjórinн tilkynnir að ráðuneytið hafi með brefi, dags. 5. nov., skipað þau:
Soffíu Benjamínsdóttur og
Jón Guðmannsson
til þess að vera kennarar við Miðbæjarbarnaskólan frá 1. desember f.a. að telja.
5. Guðmundur Jónsson kennari hefir lagt fram lækni svottorð, dags. 27. okt. 1941, um það, að hann megi ekki kenna meira en fjarar stundir á flag vegna heilsibilunar. Skólanefnd mælir með því, að fyrst um sinn verði mismunur þess stundafjölda, sem honum ber að kenna og þess, sem hann getur kennt, talinn með stundakennslu og kaupið greitt ur bæjarsjóði.
6. Soffía Benjamínsdóttir, kennari, sendir lækni svottorð, dags. 12. þ.m., um það, að hún megi ekki vinna fyrst um sinn af heilsufarslegum astæðum.
7. Sigfús Sigmundsson, kennari, sem enn liggur veikur í sjukrahusi, fer fram að það, að fá að halda fullum laum um út þetta kennsluar, enda greiði hann fyrir stundakennslu, sem framkvæmd er fyrir hann, eftir þeim reglum, sem gilt hafa um svipuð tilfelli undanfarið. Skólanefnd mælir með því, að þetta verði veitt.

Fleira var ekki gert.

Ingimar Jónsson.

Guðrún Pétursdóttir.

Ármann Halldórsson.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt með samhlj. atkv. á fundi
bæjarstjórnar 5. febr. s.l.

Frú Guðrún Pétursdóttir,
Skólav. 11.